Fjölbrautaskóli Suðurnesja

# Náms- og kennsluáætlun - Vorönn 2024

**MYNL3TB05**

| | | |
|---|---|---|
| **Kennari** | Bragi Einarsson – bragi.einarsson@fss.is |  |
| **Viðtalstími** | Viðtalstími: Miðvikudagur kl. 10:25-11:05 | |
| **Námsefni** | Kennsluefni og leiðbeiningar frá kennara. | |
| **Áfangalýsing** | MYNL3TB05: Markmið áfangans gengur út á að efla þrjá meginþætti: Teikningu sem tjáningarmiðil, með notkun mismunandi teikniefna og verkfæra. Myndgreiningu þar sem nemendur læra að formgreina listaverk og dýpka þannig skilning sinn á sjónrænum forsendum myndverka. Myndbyggingu þar sem nemendur læra að byggja upp eigin verk í form og lit. Mikil áhersla verður lögð á skissuvinnu og leit að myndefni. | |
| **Námsmat og vægi námsmatsþátta** | Skilyrði til að ljúka áfanganum er að nemandi klári öll verkefni sem lögð eru fyrir, skili á réttum tíma og mæting verði samkvæmt mætingarreglum FS. Ath. breyting á skráningu mætinga verður ekki gerð nema í eina viku. **Leiðsagnarmat.** Fjölbreytt verkefni unnin jafnt og þétt yfir önnina. Vinnubrögð, virkni og listrænt gildi eru lögð til grundvallar námsmati. Áhersla á umsagnir sem leiða nemandann áfram. Engin skrifleg próf. Leikni er metin út frá verklagi og færni í útfærslu verkefna. Hæfni er metin út frá sjálfstæði og sköpun í þróun hugmynda.<br>**Símatsáfangi** ☒ **Lokapróf** ☐ **Sleppikerfi** ☐ | |

| **Heiti** | **Vægi** |
|---|---|
| Tímaverkefni | 50% |
| Skissubók | 25% |
| Virkni | 25% |

| | |
|---|---|
| **Reglur áfanga** | Slökkt skal vera á farsímum í kennslustund nema að annað sé tekið fram. |

| | |
|---|---|
| **Annað sem kennari vill láta koma fram** | Efnisgjald: Sjá Innu<br>Það sem nemandi þarf að kaupa:<br>Blýantar HB, 2B og 6B<br>Strokleður og yddari<br>Skissubók |

| Þekking | Leikni |
|---|---|
| Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:<br>• ólíkum teikniaðferðum<br>• ólíkum efnum til myndgerðar<br>• ferilvinnu frá skissu til verks<br>• formrænum reglum myndbyggingar<br>• hugtökum til rökstuðnings á vali fyrirmynda og sjónarhorna<br>• hugtökum til að setja verk sín og annarra í listsögulegt samhengi | Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:<br>• nota mismunandi áhöld í teikningu<br>• ná góðu valdi á frásagnarmáta teikningar<br>• ná góðu valdi á listrænni tjáningu í teikningu<br>• nýta sér reglur um formræna myndbyggingu<br>• nota liti<br>• rökræða um listaverk<br>• nýta sér ljósmyndun við leit að viðfangefnum<br>• ræða og kynna verk sín og annarra<br>• beita gagnrýninni hugsun við túlkun og úrvinnslu listaverka<br>• vera fær um að byggja upp markvisst þróunarferli frá hugmynd að mynd<br>• taka þátt í gagnrýninni umræðu um eigin verk og annarra |

| Hæfni |
|---|
| Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:<br>• geta beitt mismunandi teikniaðferðum eftir því hvert viðfangsefnið er<br>• sýna fram á að hann skilji lögmál formrænnar uppbyggingar myndverka<br>• meta tengsl inntaks og formrænnar framsetningar listaverka<br>• rökstyðja myndbyggingu eigin myndverka |

| Vinnuáætlun | | |
|---|---|---|
| **Tímasókn** | 16 vikur x 4 klst. | 64 klst. |
| **Undirbúningur f. tíma** | 16 vikur x 3 tímar x 20 mín | 16 klst. |
| **Undirbúningur f. próf** | 3 x 4 klst. | 12 klst. |
| **Ritgerð / Skýrsla** | 15 klst. | 15 klst. |
| **Alls** | | **107 klst. = 5 fein*** |

| Kennsluvikur | Áætluð yfirferð námsefnis | Skil á verkefnum |
|---|---|---|
| **1. vika**<br>4. - 14. janúar | Kynning á kennsluáætlun | Skissubók |
| **2. vika**<br>15. - 21. janúar<br>**3. vika**<br>22. - 28. janúar<br>**4. vika**<br>29. janúar - 4. febrúar | Frjáls teikning, læra að beita teikningu sem fjölbreyttum tjáningarmiðli og öðlast færni í að þróa hugmyndir í allar áttir.<br>Athuga myndbyggingu, form, liti og lögun, ljós og skugga og efnisáferð. | Mikil skissuvinna! |
| **5. vika**<br>5. - 11. febrúar | Lokafrágangur, yfirferð á verkefnum | Skissubók |
| **6. vika**<br>12. - 18. febrúar<br>**7. vika**<br>19. - 25. Febrúar<br>*Þemadagar*<br>**8. vika**<br>26. febrúar - 3. Mars<br>*Námsmatsdagur* | Myndbygging, myndir byggðar upp í formi og lit. Uppröðun forma og lita skoðuð með uppstillingum og nemendur skissa og sýna markvissa þróunarvinnu í að skoða formin. Klippimyndir, ljósmyndir, teikning og málun | Mikil skissuvinna! |
| **9. vika**<br>4. - 10. mars<br>*Miðannarmat* | Lokafrágangur, yfirferð á verkefnum | Skissubók |
| **10. vika**<br>11. - 17. mars<br>**11. vika**<br>18. - 24. mars<br>*Starfshlaup – Páskafrí hefst*<br>**12. vika**<br>2. - 7. apríl<br>**13. vika**<br>8. - 14. apríl<br>**14. vika**<br>15. - 21. apríl | Myndgreining, nemendur velja verk eftir ákveðinn listamann sem þeir ætla að vinna með. Listaverkið formgreint og fjallað um það í skriflegu verkefni. Nemendur skissa síðan út frá myndverkinu sína eigin tillögur og hugmyndir og útfæra það síðan og sýna fram á markvissa þróunarvinnu. | Mikil skissuvinna! |
| **15. vika**<br>22. - 28. apríl<br>*Sumardagurinn fyrsti*<br>**16. vika**<br>29. apríl - 5. maí<br>**17. vika**<br>6. – 10. maí | Lokafrágangur, yfirferð á verkefnum, Stoð. Skil á verkefnum og skissubók<br>- Lokanámsmat | ATH. Lágmark 35 heilar síður í Skissubók. Má vera meira. Námsmat byggist á framlagi nemanda. |

*Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf*

*Bragi Einarsson*